

Alþingi  
Erindi nr. P 138/3003  
komudagur 12.8.2010

Ísafirði 10. ágúst 2010.

**Umsögn frá Fjölmenningssetri um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Stjórnarráð Íslands, nr. 73/1969 með síðari breytingum.**

Fjölmenningssetrið gerir ekki athugasemd við þau atriði sem koma fram í frumvarpinu. Hins vegar kemur hvergi fram í frumvarpinu hver verður skipan mannréttinda- og jafnréttismála þar með talin málefni innflytjenda.

Fyrsta stefna ríkisstjórnar í málefnum innflytjenda leit dagsins ljós í janúar 2007. Engin sérstök löggjöf hefur verið samþykkt á Alþingi til að tryggja sem best stöðu og réttindi innflytjenda en slík löggjöf hefur verið í vinnslu undanfarin misseri í félags- og tryggingamálaráðuneytinu.

Fjölmenningssetrið var sett á stofn sem verkefni á vegum félagsmálaráðuneytissins 2001. Það heyrir núna undir skrifstofu jafnréttis- og vinnumála í félags- og tryggingamálaráðuneytinu.

Starfsfólk Fjölmenningsseturs telur mikla þörf á því að umræða eigi sér stað um skipan málefna innflytjenda sem og jafnréttis- og mannréttindamála almennt. Sú umræða þarf að eiga sér á Alþingi, innan ráðuneyta og stofnana, sem og úti í samfélaginu.

Undanfarin ár hafa áherslur í jafnréttisbaráttu í Evrópu verið að breytast frá því að fjalla um jafnrétti kynjanna í að fjalla um mismunun. Hefur þessi breyting meðal annars falist í því að jafnréttisstefnur verða að mannréttindastefnum og ýmsar stofnanir sem vinna að kynjajafnrétti, gegn kynþáttamisrétti o.fl. hafa verið sameinaðar og má finna dæmi um slíkt víða. Í Noregi var stofnað embætti umboðsmanns gegn mismun sem tók til starfa fyrsta janúar 2006. Hans hlutverk er að standa vörð um að fólki sé ekki mismunað á grundvelli, kyns, þjóðernisuppruna, fötlunar, tungumáls, trúar, kynhneigðar og aldurs. Í Svíþjóð er búið að sameina undir Umboðsmann jafnréttismála alla löggjöf er lýtur að banni við mismunun á grundvelli kyns, þjóðernisuppruna, trúar eða annarra lífsskoðanna, svo sem fötlunar, kynhneigðar eða aldurs og áhersla er lögð á réttindi transgender fólks.

Starfsfólk Fjölmenningsseturs er reiðubúið að leggja sitt af mörkum til að stuðla að málefnalegri umræðu og að tekið sé tillit til þeirra mörgu sjónarmiða sem eru til staðar þegar fjallað er um þá íbúa landsins sem eru af erlendum uppruna.

Við þær breytingar sem verið er að gera á lögum um stjórnarráð Íslands skapast tækifæri til skoða skipan mannréttinda- og jafnréttismála á Íslandi til framtíðar.

Virðingarfyllst;  
Fyrir hönd Fjölmenningsseturs,

  
Elsa Arnardóttir, framkvæmdastjóri